

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 13. júní 1988

um breytingu á tilskipunum 66/400/EBE, 66/401/EBE, 66/402/EBE, 66/403/EBE, 69/208/EBE, 70/457/EBE og 70/458/EBE um markaðssetningu sykkurófufræja, fódurjurtafræja, sáðkorns, kartöfluútsæðis, olíu- og trefjajurtafræja og matjurtafræja og um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði

(88/380/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Af ástæðum sem greint er frá hér á eftir ber að breyta eftirfarandi tilskipunum um markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni:

- Tilskipun ráðsins 66/400/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sykkurófufræja ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 88/95/EBE ⁽⁴⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/480/EBE, ⁽⁶⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽⁷⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/120/EBE ⁽⁸⁾,
- Tilskipun ráðsins 66/403/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu kartöfluútsæðis ⁽⁹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/374/EBE ⁽¹⁰⁾,
- Tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽¹¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/480/EBE,
- Tilskipun ráðsins 70/457/EBE frá 29. september 1970 um sameiginlega skrá yfir stofna nytjajurta í landbúnaði ⁽¹²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 86/155/EBE ⁽¹³⁾,

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. C 356, 31. 12. 1985, bls. 37.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. C 68, 24. 3. 1986, bls. 155.

⁽³⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2290/66.

⁽⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 56, 2. 3. 1988, bls. 42.

⁽⁵⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽⁶⁾ Stjttíð. EB nr. L 273, 26. 9. 1987, bls. 43.

⁽⁷⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁸⁾ Stjttíð. EB nr. L 49, 18. 2. 1987, bls. 39.

⁽⁹⁾ Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2320/66.

⁽¹⁰⁾ Stjttíð. EB nr. L 197, 18. 7. 1987, bls. 36.

⁽¹¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽¹²⁾ Stjttíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjttíð. EB nr. L 118, 7. 5. 1986, bls. 23.

— Tilskipun ráðsins 70/458/EBE frá 29. september 1970 um markaðssetningu matjurtafræja ⁽¹⁴⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 87/481/EBE ⁽¹⁵⁾,

Fella ætti sólfax, sitkafax, hunangsjurt, rúghveiti, kínakál og iðnaðarsíkoru undir gildissvið þessarar tilskipunar vegna aukins vægis þeirra í bandalaginu. Af sömu ástæðu ber einnig að fella blendinga af tilteknum korntegundum til viðbótar og sólfífilblendinga undir gildissvið tilskipunarinnar. Skilyrði sem ræktun og fræ þessara tegunda og gerða stofna og afbrigða eiga að uppfylla ættu að vera í samræmi við kerfi yfir fræ í alþjóðaviðskiptum sem mælt er fyrir um af Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), nema hvað varðar afbrigði af rúghveiti með víxlfrævnun og blendinga tiltekinna sáðkorntegunda til viðbótar þar eð OECD hefur enn ekki samþykkt slík skilyrði.

Það virðist því ráðlegt annars vegar að endurskoða tiltekin ákvæði til að auðvelda ræktun fræja í öðrum aðildarríkjum en þau eru upprunnin í og hins vegar að kveða á um ráðstafanir í bandalaginu til að tryggja auðkenni þess fræs sem er markaðssett sem ómeðhöndlað fræ til vinnslu.

Því virðist ráðlegt að veita aðildarríkjunum frekari frest til að unnt sé að vottfesta opinberlega fræ af korntegundum með sjálffrævnun sem hafa ekki fengið opinbera akurskoðun samkvæmt tilteknum skilyrðum og að heimila markaðssetningu sérstakra afbrigða af rúgi sem uppfylla ekki tiltekin skilyrði sem mælt er fyrir um í II. viðauka tilskipunar 66/402/EBE, til að hægt sé að afla nauðsynlegrar reynslu fyrir almennari og afdráttarlausari lausn, einkum varðandi rúg, í ljósi þeirra upplýsinga sem Breska konungsríkið hefur lagt fram.

Til að finna betri kosti fyrir tiltekna þætti vottunarferfanna, sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun, virðist rétt að skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum. Samþykkja ber því lagalegan grunn í þessu tilliti.

Bæta ber ákvæði um upplýsingarnar sem krafist er fyrir opinbera merkimiðann að því er varðar tegundar- og stofna-

⁽¹⁴⁾ Stjttíð. EB nr. L 225, 12. 10. 1970, bls. 7.

⁽¹⁵⁾ Stjttíð. EB nr. L 273, 26. 9. 1987, bls. 45.

heiti í því skyni að útvega betri upplýsingar fyrir þá sem nota fræin og til að auðvelda viðskipti innan bandalagsins.

Tryggja ber að merkimiðar birgðasalanna, sem krafist er samkvæmt innlendum ákvæðum, séu þannig úr garði gerðir að ekki sé hægt að rugla þeim saman við opinberu merkimiðana.

Æskilegt er að auðvelda aðildarríkjunum að undanskilja sáðkorn korntegunda eða fræ olíu- og trefjajurta með litla efnahagslega þýðingu frá gildissviði tilskipananna 66/402/EBE og 69/208/EBE.

Í tilviki tilskipunar 70/458/EBE ber að aðlaga tiltekin ákvæði um stofna matjurtategunda á þann hátt að mögulegt sé að taka tillit til núverandi þróunar við endurnýjun á opinberu samþykki tiltekinna stofna.

Almenna reglan er að samþykki stofna og afbrigða (skyldleikaræktaðar línur, blendingar) sem eru eingöngu ætlaðir sem þættir fyrir blendinga sé ekki háð skilyrðum um ræktunar- eða nýtingargildi stofns og afbrigðis.

Mögulegt ætti að vera að krefjast þess að sýnt verði fram á til hvaða nota grasstofnar, sem ekki eru ætlaðir til ræktunar fódurjurtar, henta.

Taka ber til greina umsókn Lýðveldisins Grikklands varðandi heimild til að banna markaðssetningu á öllu eða hluta af yfirráðasvæði sínu á fræi eða fjölgunarefni tiltekinna stofna, sem taldir eru upp í sameiginlegu skránni yfir stofna nytjajurta í landbúnaði eða í sameiginlegu skránni yfir matjurtategundir, til að gera Lýðveldinu Grikklandi kleift að ljúka við að laga ræktun og markaðssetningu á fræi og fjölgunarefni að kröfum bandalagsins að því er varðar sameiginlegu skrána.

Tiltekin ákvæði áður nefndrar tilskipunar ætti að orða skýrar.

Rétt er að fresta dagsetningunni sem breytingar sem þegar hafa verið gerðar á áður nefndum tilskipunum, með tilskipun ráðsins 86/155/EBE og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/320/EBE, koma til framkvæmda, til að færa dagsetninguna í samræmi við mikilvægustu framkvæmdadagsetningu þessarar tilskipunar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 66/400/EBE:

1. Í E-hluta 1. mgr. 2. gr. komi „lið aa í a-lið og lið bb“ í stað „lið bb“.
2. Í 2. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„1.a Hægt er að tilgreina og skilgreina mismunandi gerðir af stofnum, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr., þar með talið þættina sem ætlaðir eru til vottfestingar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.“

3. 12. gr. verði 1. mgr. 12. gr.;

4. Í 12. gr. bætist við eftirfarandi málsgrein:

„2. Merkimiðinn sem um getur í 1. mgr. skal þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að rugla honum saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 1. mgr. 11. gr.“

5. Eftirfarandi 13. gr. a. bætist við:

„13. gr. a

Til að finna betri lausnir á tilteknum þáttum vottunarkerfisins, sem samþykkt er samkvæmt þessari tilskipun, mætti skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 21. gr.

Innan ramma slíkra tilrauna er hægt að leysa aðildarríki undan tilteknum kvöðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang þessarar lausnar skal skilgreint með tilvísun til ákvæðanna sem gilda um hana. Tilraun skal ekki standa yfir lengur en í sjö ár.“

6. Í c-lið 2. mgr. 14. gr. komi „lið aa í a-lið og lið bb“ í stað „lið bb“.

7. Í stað fimmta og sjötta undirliðar í c-lið 3. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:

„— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns, eða með almenna heitinu eða báðum; upplýsingar hvort um er að ræða sykkurófur eða fódursykkurófur,

— stofn, tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri.“

8. Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

„15. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að sykkurófufrae

— sem sáð er til með stofnfræi sem er vottfest opinberlega í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr., og

— sem uppskorið hefur verið í öðru aðildarríki

skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 70/457/EBE, vera vottfest opinberlega sem vottað fræ í hvaða aðildarríki sem er, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði A-hluta I. viðauka fyrir viðkomandi flokk, og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði B-hluta I. viðauka um sama flokk eru uppfyllt.

Þegar sáð hefur verið til fræsins með opinberlega vottuðu fræi af ættliðum á undan stofnfræi mega aðildarrík-

in einnig heimila opinbera vottfestingu sem stofnfræ ef skilyrði sem mælt er fyrir um þann flokk eru uppfyllt.

2. Sykkurófufraei sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki og er ætlað til vottfestingar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. tölul. skal

- pakkað og það merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta IV. viðauka, í samræmi við ákvæðin í 1. mgr. 10. gr., og
- fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta IV. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að sykurrófufrae

- sem sáð er til með stofnfræi sem er opinberlega vottfest í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr., og
- sem hefur verið uppskorið í þriðja landi,

skuli, samkvæmt beiðni, vera opinberlega vottfest sem vottað fræ í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem vottaða fræið var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottfest, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði með ákvörðun samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. um jafngildi fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði B-hluta I. viðauka um sama flokk eru uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinberlega vottfestingu slíkra fræja.“

9. Í stað 4. tölul. I-hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„4. tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns, eða með almenna heitinu eða báðum; upplýsingar hvort um er að ræða sykurrófur eða fóðursykurrófur.“

10. Í 5. tölul. I-hluta A-hluta III. viðauka:

„tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri.“

11. Í stað 6. tölul. B-hluta III. viðauka komi eftirfarandi:

„6. Tegund, tilgreind að minnsta kosti með latnesku lettri; upplýsingar hvort um er að ræða sykurrófur eða fóðursykurrófur.“

12. Við 7. tölul. B-hluta III. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri.“

13. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„IV. viðauki

Tilskilinn merkimiði og skjal þegar fræ hafa ekki verið vottfest endanlega og eru uppskorin í öðru aðildarríki

A. Tilskildar upplýsingar á merkimiða

- yfirvald sem ábyrgt er fyrir akurskoðun og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
- „tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns, eða með almenna heitinu eða báðum; upplýsingar hvort um er að ræða sykurrófur eða fóðursykurrófur.
- „stofn, tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,
- uppgöfin nettó- eða brúttóþyngd,
- orðin „fræ, ekki vottfest endanlega.“

B. Litur merkimiða

Merkimiðinn á að vera grár að lit.

C. Tilskildar upplýsingar í skjali

- yfirvald sem gefur út skjalið,
- „tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns, eða með almenna heitinu eða báðum; upplýsingar hvort um er að ræða sykurrófur eða fóðursykurrófur,
- „stofn, tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer fræs sem notað er við sáningu akursins og heiti landsins eða landanna sem vottfestu þetta fræ,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,
- svæði sem notað er við ræktun vörueiningarinnar sem fjallað er um í skjalinu,
- uppskorið magn og fjöldi pakka,
- staðfesting á því að skilyrðin sem gilda um ræktun fræs hafi verið uppfyllt,
- niðurstöður á forgreiningu fræs, eftir því sem við á.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 66/401/EBE:

1. Í a-lið A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist við
- | | |
|-------------------------------------|-----------|
| „ <i>Bromus catharticus</i>
Vahl | sólfax |
| <i>Bromus sitchensis</i> Trin. | sitkafax“ |
- á eftir
- | | |
|---|-----------|
| „ <i>Arrhenatherum elatius</i>
(L.) P. Beauv. ex J.S. og
K. B. Presl. | ginhafri“ |
|---|-----------|
- og í c-lið A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist við
- | | |
|---|-------------|
| „ <i>Phacelia tanacetifolia</i>
Benth. | hunangsurt“ |
|---|-------------|
- á eftir
- | | |
|--|-----------|
| „ <i>Brassica oleracea</i> L.
convar. <i>acephala</i> (DC)
Alef. var. <i>medullosa</i>
Thell + var. <i>viridis</i> L. | garðkál.“ |
|--|-----------|
2. Í 2. gr. (1.a) komi „heiti“ í stað „lýsingar.“;
3. 2. gr. (1.b) og (1.c) verður 2. gr. (1.c) og (1.d).
4. Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. gr.:
- „1.b. Hægt er að tilgreina og skilgreina mismunandi gerðir af stofnum, í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. þar með talið þættina sem ákjósanlegir eru til vottfestingar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.“
5. 11. gr. verður 1. mgr. 11. gr.;
6. Eftirfarandi málsgrein bætist í 11. gr.:
- „2. Merkimiðinn sem um getur í 1. mgr. skal þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að rugla honum saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 1. mgr. 11. gr.“
7. Eftirfarandi 13. gr. a bætist við:
- „13. gr. a
- Til að finna betri lausnir á tilteknum þáttum vottunarkerfisins, sem samþykkt er samkvæmt þessari tilskipun, mætti skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 21. gr.
- Innan ramma slíkra tilrauna er hægt að leysa aðildarríki undan tilteknum kvöðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang þessarar lausnar skal skilgreint með tilvísun til ákvæðanna sem gilda um hana. Tilraun skal ekki standa yfir lengur en í sjö ár.“
8. Í stað fimmta og sjötta undirliðar c-liðar 3. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:
- „— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,
- stofn, tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri.“;
9. Við 3. mgr. 14. gr. bætist eftirfarandi málslíður:
- „Í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“;
10. Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:
15. gr.
1. Aðildarríkin skulu kveða á um að fóðurjurtafræ:
- sem sáð hefur verið til með stofnfræi eða vottuðu fræi sem er opinberlega vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr., eða sem sáð hefur verið til með víxlun stofnfræs sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnfræs sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og
- sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki,
- skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 70/457/EBE, vera opinberlega vottfest sem vottað fræ í hvaða aðildarríki sem er, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði I. viðauka fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði í II. viðauka um sama flokk eru uppfyllt.
- Þegar sáð hefur verið til fræsins með opinberlega vottuðu fræi af ættlið á undan stofnfræi mega aðildarríkin einnig heimila að það fái opinbera vottfestingu sem stofnfræ ef skilyrðin sem mælt er fyrir um þann flokk eru uppfyllt.
2. Fóðurjurtafræi sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki og er ætlað til vottfestingar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skal
- pakkað og það merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka, í samræmi við ákvæðin í 1. mgr. 9. gr., og
- fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.
3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að fóðurjurtafræ

— sem sáð hefur verið til með stofnfræi eða opinberlega vottuðu fræi sem er vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr., eða sem sáð hefur verið til með víxlun stofnfræs sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnfræs sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og

— sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki,

skuli, samkvæmt beiðni, vera opinberlega vottfest sem vottað fræ í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem stofnfræið eða vottaða fræið sem um getur hér að framan var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottfest, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði með ákvörðun samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. um jafngildi fyrir viðkomandi flokk

og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka fyrir sama flokk eru uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinbera vottfestingu slíkra fræja.“

14. Í A-hluta 2. mgr. I-hluta II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir „*Arrhenatherum elatius*“ og „*Brassica oleracea* convar. *acephala*“:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15
„ <i>Bromus catharticus</i> “	75 (a)		97	1,5	1,0	0,5	0,3				0 (g)	0 (j) (k)	10 (n)	
<i>Bromus sitchensis</i>	75 (a)		97	1,5	1,0	0,5	0,3				0 (g)	0 (j) (k)	10 (n)	
og „ <i>Phacelia tanacetifolia</i> “	80 (a)		96	1,0	0,5						0	0 (j) (k)		

15. Í A-hluta 2. mgr. II-hluta II. viðauki bætist eftirfarandi við á eftir „*Arrhenatherum elatius*“ og „*Brassica oleracea* convar. *acephala*“:

1	2	3	4	5	6	7	8
„ <i>Bromus catharticus</i> “	0,4	20	5	5	5		(j)
<i>Bromus sitchensis</i>	0,4	20	5	5	5		(j)
og „ <i>Phacelia tanacetifolia</i> “	0,3	20					

16. Í III. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir „*Arrhenatherum elatius*“ og „*Brassica oleracea* convar. *acephala*“:

1	2	3	4
„ <i>Bromus catharticus</i> “	10	200	200
<i>Bromus sitchensis</i>	10	200	200
og „ <i>Phacelia tanacetifolia</i> “	10	300	40

17. Við 4. tölul. a-liðar I. hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreindu, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,“;

18. Við a-lið I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi málslíður:

„Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra

í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomu-lagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“

19. Við 5. tölul. a-liðar I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri“.

20. Við 5. tölul. b-liðar I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreindur, a. m. k. með latnesku lettri,

með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,“.

21. Við b-lið I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“

22. Við 4. tölul. c-liðar I-hluta A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi á eftir „eftir tegundum og, ef við á, eftir stofnum“:

„bæði tilgreind að minnsta kosti með latnesku letri“.

23. Í 4. tölul. c-liðar I-hluta A-hluta IV. viðauka, í síðasta málslið ítölsku útgáfunnar komi „all' acquirente“ í stað „al fornitore“.

24. Við 6. tölul. a-liðar B-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreind að minnsta kosti með latnesku letri“.

25. Við 7. tölul. a-liðar B-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreindur að minnsta kosti með latnesku letri“.

26. Við 6. tölul. b-liðar B-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreint að minnsta kosti með latnesku letri“.

27. Við 11. tölul. c-liðar B-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi á eftir „eftir tegundum og, ef við á, eftir stofnum“:

„tilgreint að minnsta kosti með latnesku letri“.

28. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„V. VIÐAUKI

Tilskilinn merkimiði og skjal þegar fræ hafa ekki verið vottfest endanlega og eru uppskorin í öðru aðildarríki

A. *Tilskildar upplýsingar á merkimiða*

- yfirvald sem ábyrgt er fyrir akurskoðun og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
- tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku letri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,
- tegund, a. m. k. tilgreind með latnesku letri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,

- uppgefin nettó- eða brúttóþyngd,
- orðin „fræ, ekki vottfest endanlega.“

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.

B. *Litur merkimiða*

Merkimiðinn á að vera grár að lit.

C. *Tilskildar upplýsingar í skjali*

- yfirvald sem gefur út skjalið,
- „tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku letri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,
- „stofn, a. m. k. tilgreindur með latnesku letri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer fræs sem notað er við sáningu akursins og heiti þess lands eða landa sem vottfestu þetta fræ,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,
- svæði sem notað er við ræktun vörueiningarinnar sem fjallað er um í skjalinu,
- uppskorið magn og fjöldi pakka,
- fyrir vottað fræ: fjöldi ætliða á eftir stofnfræi,
- staðfesting á því að skilyrðin sem gilda um ræktun fræs hafi verið uppfyllt,
- niðurstöður á forgreiningu fræs, eftir því sem við á.“

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 66/402/EBE:

1. Í A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist við

„ <i>X Triticosecale</i> Wittm.	rúghveiti“
á eftir	
„ <i>Sorghum sudanense</i> (Piper) Stapf	afrikudúrra“
2. í A-hluta 1. mgr. 2. gr. í þýsku útgáfunni í línunni „*Phalaris canariensis* L“ komi „Kanariengras“ í stað „Kanariensaat“.
3. Í stað inngangsorða C-hluta 1. mgr. 2. gr. komi:

- „C. Stofnsáðkorn (hafrar, bygg, hrísgrjón, kanarígras, rúghveiti, hveiti, harðhveiti og speldi að frátöldum blendingum): sáðkorn“.
4. Í 1. mgr. 2. gr. bætist við eftirfarandi:
- „Ca. Stofnsáðkorn (blendingar af höfrum, byggi, hrísgrjónum, harðhveiti og speldi):
- a) sem er ætlað til ræktunar á blendingum,
- c) sem með fyrirvara um ákvæði 4. gr. uppfyllir skilyrði I. og II. viðauka um stofnsáðkorn, og
- d) sem við opinbera athugun telst uppfylla framangreind skilyrði.“
5. Í E-hluta 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:
- „E. Vottað sáðkorn (kanarígras og rúgur, nema blendingar, dúrra, afríkudúrra, maís og blendingar af höfrum, byggi, hrísgrjónum, hveiti, harðhveiti og speldi): sáðkorn“.
6. Í F-hluta 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:
- „F. Vottað sáðkorn af fyrsta ætlið (hafrar, bygg, hrísgrjón, rúghveiti, hveiti, harðhveiti og speldi að frátöldum blendingum): sáðkorn“.
7. Í F-hluta 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsorðanna:
- „G. Vottað sáðkorn af öðrum ætlið (hafrar, bygg, hrísgrjón, rúghveiti, hveiti, harðhveiti og speldi að frátöldum blendingum): sáðkorn“.
8. í 2. gr. (1.a) komi „heiti“ í stað „lýsingar“.
9. 2. gr. (1.b) og (1.c) verður 2. gr. (1.d) og (1.e).
10. Eftirfarandi málsgreinar bætast í 2. gr.:
- „1.b Breytingar sem á að gera á G-, F-, E-, Ca- og C-hluta 1. mgr. í því skyni að fella blendinga af kanarígrasi, hrísgrjónum og rúghveiti undir gildissvið þessarar tilskipunar skulu samþykktar í samræmi við málsmæðferðina í 21. gr.
- 1.c Hægt er, í samræmi við málsmæðferðina í 21. gr., að tilgreina og skilgreina mismunandi gerðir af afbrigðum sem ákjósanleg eru til vottfestingar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar. Skilgreiningarnar í b-lið 1. mgr. skulu aðlagðar á sama hátt í samræmi við sömu málsmæðferð.“
11. Í c-lið 1. mgr. 2. gr. komi „30. júní 1987“ í stað „30. júní 1982“ og annar undirliður falli niður.
12. Í d-lið 2. mgr. 2. gr. komi „30. júní 1989“ í stað „31. desember 1982“.
13. Eftirfarandi málsgrein bætist við 4. gr.:
- „3. Aðildarríkin mega, að því er varðar sáðkorn rúghveitis sem ætlað er til markaðssetningar á þeirra eigin yfirláðasvæði, lækka niður í 80% kröfuna um lágmarksspírunarhæfni samkvæmt II. viðauka. Ef, á sama hátt, sáðkorn rúghveitis uppfyllir ekki skilyrðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka að því er varðar spírunarhæfni skal það og sú staðreynd að einungis eigi að markaðssetja sáðkornið á yfirláðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis tilgreint á merkimiðanum.“
14. 11. gr. verður 1. mgr. 11. gr.
15. Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:
- „2. Merkimiðinn sem um getur í 1. mgr. skal þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að rugla honum saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 1. mgr. 10. gr.“
16. Eftirfarandi 13. gr. a bætist við:
- „13. gr. a
- Til að finna betri lausnir á tilteknum þáttum vottunarkerfisins, sem samþykkt er samkvæmt þessari tilskipun, mætti skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 21. gr.
- Innan ramma slíkra tilrauna má leysa aðildarríki undan tilteknum kvöðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang þessarar lausnar skal skilgreint með tilvísun til ákvæðanna sem hún gildir um. Tilraun skal ekki standa yfir lengur en í sjö ár.“
17. Í a-lið 2. mgr. 14. gr. bætist „rúghveiti“ við á eftir „hrísgrjón“.
18. Í stað fimmta og sjötta undirliðar c-liðar 3. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:
- „— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,
- afbrigði, tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri.“
19. Við 3. mgr. 14. gr. bætist eftirfarandi:
- „Í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að

af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“.

20. Í stað 15. gr. komi eftirfarandi:

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu kveða á um að sáðkorn

— sem sáð hefur verið til með stofnsáðkorni eða vottuðu sáðkorni af fyrsta ættlið sem er opinberlega vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr., eða sem hefur verið sáð til með víxlun stofnsáðkorns sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnsáðkorns sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og

— sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki,

skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 70/457/EBE, vera opinberlega vottfest sem vottað sáðkorn í hvaða aðildarríki sem er, hafi sáðkornið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði I. viðauka fyrir viðkomandi flokk, og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka um sama flokk eru uppfyllt.

Þegar sáð hefur verið til sáðkorns með opinberlega vottuðu sáðkorni af ættlið á undan stofnsáðkorni mega aðildarríkin einnig heimila opinbera vottfestingu sem stofnsáðkorn ef skilyrðin sem mælt er fyrir um þann flokk eru uppfyllt.

2. Sáðkorni sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki og er ætlað til vottfestingar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. tölul. skal

— pakkað og það merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við ákvæðin í 1. mgr. 9. gr., og

— fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að sáðkorn

— sem sáð hefur verið til með stofnsáðkorni eða vottuðu sáðkorni af fyrsta ættlið sem er opinberlega vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 16. gr., eða sem hefur verið sáð til með víxlun stofnsáðkorns sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnsáðkorns sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og

— sem hefur verið uppskorið í þriðja landi,

skuli, samkvæmt beiðni, vera opinberlega vottfest sem vottað sáðkorn í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem stofnsáðkornið eða vottaða kornið sem um getur hér að ofan var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottfest,

hafi sáðkornið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði með ákvörðun samkvæmt a-lið 1. mgr. 16. gr. um jafngildi fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka um sama flokk eru uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinbera vottfestingu slíks sáðkorns.“.

21. Eftirfarandi 21. gr. b bætist við:

„21. gr. b

Breytingar sem á að gera á innihaldi viðaukanna til að fastsetja skilyrðin sem ræktunin á að uppfylla og sáðkorn blendinga af höfrum, byggi, hrísgrjónum, hveiti, harðhveiti, speldi og annarra tegunda, ef blendingar þeirra falla undir gildissvið þessarar tilskipunar samkvæmt 2. gr. (1.b) og skilyrðin sem ræktunin og sáðkorn af víxlfrævun afbrigða af rúghveiti, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr.“.

22. Í 22. gr. komi „3. mgr. II. viðauka“ í stað „2. mgr. II. viðauka“.

23. Í stað 23. gr. a komi eftirfarandi grein:

„23. gr. a

Að ósk aðildarríkis, sem fjallað verður um í samræmi við málsmeðferðina í 21. gr., má leysa það ríki að fullu eða hluta undan þeirri kvöð að beita ákvæðum þessarar tilskipunar, nema 1. mgr. 14. gr:

a) að því er varðar eftirtaldar tegundir:

- kanarígras,
- dúrru,
- afrikudúrru;

b) að því er varðar aðrar tegundir sem eru yfirleitt ekki ræktaðar eða markaðssettar á yfirráðasvæði þess.“;

24. Í töflunni í 2. mgr. I. viðauka bætist við eftirfarandi á undan „*Zea mays*“:

„*Triticosecale* afbrigði með frjálstri frævun

- við ræktun stofnsáðkorns 50 m
- við ræktun vottaðs sáðkorns 20 m“

25. Í a-lið B-hluta 5. mgr. I. viðauka bætist „*Triticosecale*“ við á eftir „*Phalaris canariensis*“;

26. Í b-lið B-hluta 5. mgr. I. viðauka frönsku útgáfunnar komi „1“ í stað „3“ og „3“ í stað „1“;

27. Í A-hluta 1. mgr. II. viðauka bætist við á eftir „*Triticum spelta*“, „nema blendingar“;

28. Á eftir A-hluta 1. mgr. II. viðauka bætist við eftirfarandi:

„Aa Afbrigði af *Triticosecale* með frjálstri frævnun

Flokkur	Lágmarks afbrigðahreininleiki (%)
Stofnsáðkorn	99,7
Vottað sáðkorn, fyrsti ættliður	99,0
Vottað sáðkorn, annar ættliður	98,0

Könnun á lágmarksafbrigðahreininleika fer einkum fram með akurskoðunum í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.“;

29. Í A-hluta 2. mgr. II. viðauka bætist eftirfarandi við á eftir „*Sorghum* spp.“:

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
„ <i>Triticosecale</i>									
— stofnsáðkorn	85	98	4		1 (b)	3	0 (c)	1	
— vottað sáðkorn, fyrsti og annar ættliður	85	98	10		7	7	0 (c)	3“	

30. Í III. viðauka bætist „*Triticosecale*“ við á eftir „*Secale cereale*“,

31. Við 4. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns.“.

32. Við a-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi málsliður:

„Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“.

33. Í stað 5. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„Afbrigði, tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri“.

34. Í stað 9. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„9. Fyrir afbrigði sem eru blendingar eða skyldleikaræktaðar línur:

— fyrir stofnsáðkorn ef blendingur eða skyldleikaræktað lína sem sáðkornið telst til hefur verið opinberlega samþykkt samkvæmt tilskipun 70/457/EBE:

opinberlega samþykkt heiti þessa þáttar, með eða án tilvísunar til endanlegs afbrigðis, ásamt, fyrir blendinga eða skyldleikaræktaðar línur sem eru eingöngu ætlaðar sem þættir í endanlegu afbrigði, orðinu „þáttur“,

— fyrir annað stofnsáðkorn:

heiti þáttar sem stofnsáðkorn telst til, sem má tilgreina með skráningarlykli, ásamt tilvísun til endanlegs afbrigðis, með eða án tilvísunar til hlutverks þess (kven- eða karlkyns) og ásamt orðinu „þáttur“,

— fyrir vottað sáðkorn:

heiti afbrigðis sem sáðkorn telst til ásamt orðinu „afbrigði.“.

35. Við 1. tölul. b-liðar A-hluta IV. viðauka bætist „eða afbrigði“ á eftir „tegund“.

36. Við 4. tölul. b-liðar A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„Heiti tegunda og afbrigða skulu tilgreind að minnsta kosti með latnesku lettri.“.

37. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„V. VIÐAUKI

Tilskilinn merkimiði og skjal þegar sáðkorn hefur ekki verið vottfest endanlega og er uppskorið í öðru aðildarríki

A. Tilskildar upplýsingar á merkimiða

— yfirvald sem ábyrgt er fyrir akurskoðun og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,

— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheiti sínu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,

- afbrigði tilgreint, a. m. k. með latnesku lettri; fyrir afbrigði (skyldleikaræktaðar línur, blendingar) sem eru eingöngu ætluð sem þættir fyrir blendinga skal orðinu „þáttur“ bætt við,
- flokkur,
- fyrir blendinga: orðið „blendingur“,
- uppgefin nettó- eða brúttóþyngd,
- orðin „sáðkorn, ekki vottfest endanlega“.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 21. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu sáðkornsins.

B. Litur merkimiða

Merkimiðinn á að vera grár að lit.

C. Tilskildar upplýsingar í skjali

- yfirvald sem gefur út skjalið,
- „tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheiti sínu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer sáðkorns sem notað er við sáningu akursins og heiti þess lands eða landa sem vottfestu þetta sáðkorn,
- tilvísunarnúmer akurs eða vöruéiningar,
- svæði sem notað er við ræktun vöruéiningarinnar sem fjallað er um í skjalinu,
- uppskorið magn og fjöldi pakka,
- fyrir vottað sáðkorn: fjöldi ættliða á eftir stofnsáðkorni,
- staðfesting á því að skilyrðin sem gilda um ræktun sáðkorns hafi verið uppfyllt,
- niðurstöður á forgreiningu sáðkorns, eftir því sem við á.“

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 66/403/EBE:

1. 11. gr. verður 1. mgr. 11. gr.;
2. Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:

„2. Merkimiðinn sem um getur í 1. mgr. skal þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að rugla honum saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 1. mgr. 10. gr.“.

3. Í stað fjórða og fimmta undirliðar c-liðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheiti sínu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns eða með almennu heiti, eða báðum,

- afbrigði, tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri“;

4. Við 4. mgr. A-hluta III. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri.“

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 69/208/EBE :

1. Í B-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist við „afbrigði, nema sólfífilblendingar“ á eftir „Stofnfræ“.

2. Eftirfarandi bætist við á eftir B-hluta 1. mgr. 2. gr.:

„Ba. Stofnfræ (sólfífilblendingar):

1. Stofnfræ skyldleikaræktaðra lína: fræ

- a) sem með fyrirvara um ákvæði 4. gr. uppfyllir skilyrði I. og II. viðauka um stofnfræ, og
- b) sem við opinbera athugun telst uppfylla áður nefnd skilyrði.“

2. Stofnfræ einblendinga: fræ

- a) sem ætlað er til ræktunar á þríblendingum eða tvíblendingum;
- b) sem með fyrirvara um ákvæði 4. gr. uppfyllir skilyrði I. og II. viðauka um stofnfræ, og
- c) sem við opinbera athugun telst uppfylla áður nefnd skilyrði.“

3. Í 2. gr. (1.a) komi „heiti“ í stað „lýsingar“.

4. 2. gr. (1.b) verður 2. gr. (1.c).

5. Við 2. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„1b. Hægt er að tilgreina og skilgreina mismunandi gerðir afbrigða, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr., þar með talið þættina sem ákjósanlegir eru til vottfestingar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar.“

6. Í b-lið 2. mgr. 2. gr. ensku útgáfunnar bætist við á eftir „flax“, „or linseed“.
7. 11. gr. verði 1. mgr. 11. gr.
8. Við 11. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
 „2. Merkimiðinn sem um getur í 1. mgr. skal þannig úr garði gerður að ekki sé hægt að rugla honum saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 1. mgr. 10. gr.“.
9. Eftirfarandi 12. gr. a bætist við:
 „12. gr. a
 Til að finna betri lausnir á tilteknum þáttum vottunar-kerfisins, sem samþykkt er samkvæmt þessari tilskipun, mætti skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 21. gr.
 Innan ramma slíkra tilrauna má leysa aðildarríki undan tilteknum kvöðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang þessarar lausnar skal skilgreint með tilvísun til ákvæðanna sem gilda um hana. Tilraun skal ekki standa yfir lengur en í sjö ár.“;
10. Í stað fjórða og fimmta undirliðar 3. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:
 „— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns“;
 — afbrigði, tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri“;
11. Við 3. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi:
 „Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“.
12. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:
 „14. gr.
 1. Aðildarríkin skulu kveða á um að olú- og trefjajurtafræ:
 — sem sáð hefur verið til með stofnfræi eða vottuðu fræi af fyrsta ættlið sem er opinberlega vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 15. gr., eða sem hefur verið sáð til með víxlun stofnfræs sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnfræs sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og
 — sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki, skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um ákvæði tilskipunar 70/457/EBE, vera opinberlega vottfest sem vottað fræ í hvaða aðildarríki sem er hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði I. viðauka fyrir viðkomandi flokk, og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka um sama flokk eru uppfyllt.
 Þegar sáð hefur verið til fræsins með opinberlega vottuðu fræi af ættlið á undan stofnfræi mega aðildarríkin einnig heimila opinbera vottfestingu sem stofnfræ ef skilyrðin sem mælt er fyrir um þann flokk eru uppfyllt.
 2. Olú- og trefjajurtafræjum sem hafa verið uppskorin í öðru aðildarríki og eru ætluð til vottfestingar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. tölul. skal
 — pakkað og þau merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 9. gr., og
 — fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.
 3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að olú- og trefjajurtafræ
 — sem sáð hefur verið til með stofnfræi eða vottuðu fræi af fyrsta ættlið sem er opinberlega vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt b-lið 1. mgr. 15. gr., eða sem hefur verið sáð til með víxlun stofnfræs sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnfræs sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og
 — sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki, skuli, samkvæmt beiðni, vera opinberlega vottfest sem vottað fræ í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem stofnfræið eða vottaða fræið var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottfest, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði með ákvörðun samkvæmt a-lið 1. mgr. 15. gr. um jafngildi fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka um sama flokk eru uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinbera vottfestingu slíkra fræja.“.
13. Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:
 „22. gr.
 Að undangenginni umsókn aðildarríkis, sem fjallað verður um í samræmi við málsmeðferðina í 20. gr., má leysa það ríki að fullu eða hluta undan þeirri kvöð að beita ákvæðum þessarar tilskipunar, nema 1. mgr. 13. gr:
 a) hvað varðar eftirtaldar tegundir:
 — Safranfífill,
 b) hvað varðar aðrar tegundir sem eru yfirleitt ekki ræktaðar eða markaðssettar á yfirráðasvæði þess.“.
14. Í fyrstu málsgrein töflu 2. mgr. I. viðauka falli niður orðin „*Helianthus annuus*“;

15. Í töflu 2. mgr. I. viðauka bætist við eftirfarandi:

1	2
„ <i>Helianthus annuus</i>	
— við ræktun stofnfræs af blendingum	1 500 m
— við ræktun stofnfræs af afbrigðum nema blendingum	750 m
— við ræktun vottaðs fræs	500 m“

16. Í stað 3. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi:

- „3. Ræktunin skal vera ósvikin og hrein miðað við afbrigði eða, þegar um skyldleikaræktaða línu af *Helianthus annuus* er að ræða, ósvikin og hrein miðað við einkenni.

Við ræktun fræja frá blendingum af *Helianthus annuus* skulu ákvæðin hér að framan einnig gilda um þáttaeinkenni, þar með talið karl-ófrjósemi eða endurvakningu frjósemi.

Einkum skal ræktun *Brassica juncea*, *Brassica nigra*, *Cannabis sativa*, *Carthamus tinctorius*, *Carum carvi*, *Gossypium* spp. og blendingar af *Helianthus annuus* samræmast eftirfarandi stöðlum eða öðrum skilyrðum:

- A. *Brassica juncea*, *Brassica nigra*, *Cannabis sativa*, *Carthamus tinctorius*, *Carum carvi* og *Gossypium* spp.

Fjöldi jurta af tegundinni sem greinilega samsvara ekki stofninum eða afbrigðinu má ekki vera meiri en:

- einn á 30 m² við ræktun stofnfræs,
- einn á 10 m² við ræktun vottaðs fræs.

- B. Blendingar *Helianthus annuus*:

- a) hlutfall af fjölda þeirra jurta sem greinilega samsvara ekki skyldleikaræktaðu línunni eða þættinum má ekki vera meiri en:

- aa) við ræktun stofnfræs:

- | | |
|--|-----|
| i) skyldleikaræktaðar línur | 0,2 |
| ii) einblendingur, | |
| — karlforeldri, jurtir sem losað hafa frjó á meðan 2% eða stærri hluti kvenjurtanna hafa móttækileg blóm | 0,2 |
| — kvenforeldri | 0,5 |

- bb) við ræktun vottaðs fræs:

- | | |
|---|-----|
| — karlþáttur, jurtir sem hafa losað frjó á meðan 5% eða stærri hluti kvenjurtarinnar hafa móttækileg blóm | 0,5 |
| — kvenþáttur | 1,0 |

- b) Við ræktun fræja af blendingum skal eftirtöldum stöðlum og skilyrðum fullnægt:

- aa) karlþáttur jurtarinnar skal gefa frá sér nægilegt frjómagm á meðan kvenþáttur jurtarinnar er í blóma;
- bb) ef jurtir með kvenþætti hafa móttækilegar frænur skal hlutfall miðað við fjölda jurta með kvenþætti sem hafa losað frjó eða eru að losa frjó ekki fara yfir 0,5%;
- cc) við ræktun stofnfræs má hlutfall miðað við fjölda jurta með kvenþætti sem samsvara greinilega ekki einkennisþættinum og sem hafa losað frjó eða eru að losa frjó ekki fara yfir 0,5%;

dd) ef ekki er hægt að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í 1a I-hluta I. viðauka skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt: nota skal karlófrjósemisþátt við ræktun vottaðs fræs með því að nota karlþátt sem inniheldur tiltekna endurvakningalínu eða -línur þannig að einn þriðji hluti jurtarinnar hið minnsta sem ræktuð er af blendingnum sem verður til framleiði frjó sem virðast eðlileg að öllu leyti.“

17. Í stað B-hluta 5. mgr. I. viðauka komi eftirfarandi:

„B. Ef um er að ræða önnur afbrigði en sólfífilblendinga skal akurskoðun fara fram minnst einu sinni. Ef um er að ræða sólfífilblendinga skal akurskoðun fara fram minnst tvisvar sinnum.“;

18. Við 1. mgr. II. viðauka bætist eftirfarandi:

„1a. Ef ekki er hægt að uppfylla skilyrðin sem mælt er fyrir um í lið dd í b-lið B-hluta 3. mgr. I. viðauka skal eftirfarandi skilyrði fullnægt: ef karlófrjósemiþáttur og karlþáttur sem endurvekur ekki karl-frjósemi eru notuð við sáningu vottaðs fræs af sólfífilblendingum skal blanda fræinu sem ræktuð er með foreldrajurt með karlófrjósemi saman við fullkomlega frjósama foreldrajurt. Hlutfallið á milli foreldrajurtar með karlófrjósemi og foreldrajurtar með karlfrjósemi má ekki vera meira en einn á móti tveimur.“.

19. Við 5. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreindar, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns“.

20. Við a-liðar A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“.

21. Við 6. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri“.

22. Eftirfarandi bætist við á eftir 10. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka :

„10.a Fyrir afbrigði sem eru blendingar eða skyldleikaræktaðar línur:

— fyrir stofnfræ ef blendingur eða skyldleikaræktuð lína sem fræið telst til hefur verið opinberlega samþykkt samkvæmt tilskipun ráðsins 70/457/EBE:

opinberlega samþykkt heiti þessa þáttar, með eða án tilvísunar til endanlegs afbrigðis, ásamt,

fyrir blendinga eða skyldleikaræktaðar línur sem eru eingöngu ætlaðar sem þættir í endanlegu afbrigði, orðinu „þáttur“,

— fyrir önnur stofnfræ:

heiti þáttar sem stofnfræið telst til, sem má tilgreina með skráningarlykli, ásamt tilvísun til endanlegs afbrigðis, með eða án tilvísunar til hlutverks þess (kven- eða karlkyns) og ásamt orðinu „þáttur“,

— fyrir vottað stofnfræ:

heiti afbrigðis sem fræið telst til ásamt orðinu „blendingur“.

23. Við 6. tölul. b-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„tilgreindar, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns“.

24. Við b-lið A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:

„Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.“.

25. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„V. VIÐAUKI

Tilskilinn merkimiði og skjal þegar fræ hafa ekki verið vottfest endanlega og eru uppskorin í öðru aðildarríki

A. *Tilskildar upplýsingar á merkimiða*

— yfirvald sem ábyrgt er fyrir akurskoðun og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,

— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,

— afbrigði, tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri; fyrir afbrigði (skyldleikaræktaðar línur, blendingar), sem eru eingöngu ætluð sem þættir fyrir blendinga skal orðinu „þáttur“ bætt við,

- flokkur,
- fyrir blendinga: orðið „blendingur“,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,
- uppgefin nettó- eða brúttóþyngd,
- orðin „fræ, ekki vottfest endanlega“.

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 20. gr. má leysa aðildarríki undan þeirri kvöð að tilgreina, eftir því sem við á, einstakar tegundir með vísindaheiti þeirra í afmarkaðan tíma, ef í ljós kemur að af því fyrirkomulagi stafar óhagræði sem vegur þyngra en hagræðið sem af því var vænst við markaðssetningu fræjanna.

B. Litur merkimiða

Merkimiðinn á að vera grár að lit.

C. Tilskildar upplýsingar í skjali

- yfirvald sem gefur út skjalið,
- tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,
- afbrigði, tilgreint að minnsta kosti með latnesku lettri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer fræs sem notuð eru við sáningu akursins og heiti þess lands eða landa sem vottfestu þetta fræ,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,
- svæði sem notað er við ræktun vörueiningarinnar sem fjallað er um í skjalinu,
- uppskorið magn og fjöldi pakka,
- fyrir vottað fræ: fjöldi ætliða á eftir stofnfræi,
- staðfesting á því að skilyrðin sem gilda um ræktun fræs hafi verið uppfyllt,
- niðurstöður á forgreiningu fræs, eftir því sem við á.“

6. gr:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 70/457/EBE:

1. Við 3. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

„1. Fyrir stofna (skyldleikaræktaðar línur, blendingar) sem eru eingöngu ætlaðir sem þættir í endanlegum stofnum gilda ákvæði 1. mgr. aðeins að svo miklu leyti sem fræin sem teljast til þeirra eru markaðssett undir þeirra heiti.

Eftir 1. júlí 1992 má ákvarða í samræmi við málsmeðferðina í 23. gr. að skilyrði 1. mgr. skuli einnig gilda um aðra samsetta stofna. Þangað til, að því er varðar aðrar korntegundir en maís, mega aðildarríkin beita þessum ákvæðum á aðra samsetta stofna hvað varðar fræ sem

ætlud eru til vottfestingar á þeirra yfirráðasvæði.

Tilgreina skal samsetta stofna á þann hátt.“;

2. Við 2. mgr. 4. gr. bætist eftirfarandi:

„c) til að fá samþykki fyrir stofnum (skyldleikaræktaðar línur, blendingar) sem eru eingöngu ætlaðir sem þættir fyrir blendinga sem uppfylla kröfur 1. tölul.“

3. Við 4. gr. bætist eftirfarandi:

„3. Þegar um er að ræða stofna sem ákvæði a-liðar 2. mgr. gilda um má ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina í 23. gr., að svo miklu leyti sem það er réttlætunlegt með tilliti til frjálsrar dreifingar fræja í bandalaginu, að með viðeigandi athugun skuli sýnt fram á að stofnarnir henti fyrir það hlutverk sem þeim er ætlað. Í slíkum tilvikum skal ákvarða skilyrði fyrir athuguninni.“

4. Í 2. mgr. 10. gr. bætist eftirfarandi málslíður á eftir fyrsta málslíð:

„Þetta ákvæði gildir ekki fyrir stofna (skyldleikaræktaðar línur, blendingar) sem eingöngu eru ætlaðir sem þættir fyrir endanlega stofna.“

5. Við 2. mgr. 15. gr. bætist eftirfarandi:

„Að því er Grikkland varðar og þá stofna sem hafa verið samþykktir fyrir 1. janúar 1986 í einu eða fleiri annarra aðildarríkja og sem aldrei hefur verið leyft að markaðssetja í Grikklandi fyrir þann tíma skulu umsóknir sem þetta aðildarríki leggur fram eigi síðar en 31. desember 1986 teknar til greina, með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að því tilskildu að umsóknirnar byggist á þeim forsendum sem um getur í c-lið 3. mgr., fyrsta valkosti.“

6. Við 7. mgr. 15. gr. bætist eftirfarandi:

„Að því er Grikkland varðar og þær umsóknir sem það aðildarríki leggur fram eigi síðar en 31. desember 1985 og byggjast á forsendum sem um getur í c-lið 3. mgr., öðrum valkosti, má framlengja tímabilið sem kveðið er á um í 1. mgr. til 30. júní 1989.“

7. gr:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 70/458/EBE:

1. Í A-hluta 1. mgr. 2. gr. bætist við,

„ <i>Brassica pekinensi</i> (Lour.) Rupr. á eftir „ <i>Brassica oleracea</i> L. convar. <i>acephala</i> (DC) Alef var. <i>gongylodes</i>	kínakál“ hnúðkál“
---	----------------------------------

- í stað „síkoría eða kaffi-fífill“ komi „jólasalat, stórblaðasíkoría (ítölsk síkoría),“
- og
- „*Cichorium intybus* L. (partim) iðnaðarsíkoría“
- bætist við á eftir
- „*Cichorium intybus* L. (partim) jólasalat, stórblaðasíkoría, (ítölsk síkoría)“
2. Í 2. gr. (1.a) komi „heiti“ í stað „lýsingar“.
3. 2. gr. (1.b) verður 2. gr. (1.c);
4. Í 2. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „1.b Stofnana, að meðtöldum þáttum, má tilgreina og skilgreina í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr.“
5. Við 4. gr. bætist eftirfarandi undirgrein:
- „Hvað iðnaðarsíkoríu varðar verður ræktunar- og nýtingargildi stofnsins að vera fullnægjandi.“
6. Í 3. mgr. 9. gr., á eftir fyrsta málslíð, bætist eftirfarandi málslíður:
- „Að því er Grikkland varðar komi „31. desember 1988“ og „1. janúar 1986“ í stað „30. júní 1975“ og „1. júlí 1972“ sem um getur hér að framan.“
7. Við 2. mgr. 10. gr. bætist eftirfarandi:
- „Þegar um er að ræða stofna sem sáð er til með stofnum sem hafa verið opinberlega samþykktir samkvæmt 3. mgr. 13. gr., annars og fjórða málslíðar, og sem hafa verið samþykktir í einu eða fleiri aðildarríkjum sem afleiðing af opinberum ráðstöfunum sem um getur í því ákvæði, má ákvarða í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr. að öll aðildarríkin sem veitt hafa samþykki tryggi að stofnarnir beri heiti sem eru ákvörðuð samkvæmt sömu málsmeðferð og uppfylli áður nefndar grundvallarreglur.“
8. Við 2. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi:
- „Þegar um er að ræða stofna sem um getur í 1. mgr. 12. gr. öðrum málslíð má aðeins endurnýja samþykki fyrir þeim, með fyrirvara um ákvæði 37. gr., hafi nafn einstaklingsins eða einstaklinganna sem ábyrgir eru fyrir viðhaldi stofnanna verið skráð og birt opinberlega í samræmi við ákvæði 1. mgr. 10. gr.“
9. Við 3. mgr. 13. gr. bætist eftirfarandi:
- „Þegar um er að ræða stofna sem samþykktir hafa verið fyrir 1. júlí 1972 má framlengja tímabilið sem um getur í öðrum málslíð 1. mgr., í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., til 30. júní 1990 í síðasta lagi fyrir einstaka stofna, ef gerðar hafa verið opinberar ráðstafanir, skipulagðar innan bandalagsins, fyrir 1. júlí 1982 til að tryggja að skilyrðin fyrir endurnýjun á samþykki stofnanna eða fyrir samþykki stofna sem sáð hefur verið til með þeim séu uppfyllt.
- Að því er Danmörku, Írland og Breska konungsríkið varðar komi „1. janúar 1973“ í stað „1. júlí 1972“ sem um getur hér að framan.
- Að því er Grikkland, Spán og Portúgal varðar má einnig fastsetja að gildistími samþykkis tiltekinna stofna sem hafa verið samþykktir í þessum aðildarríkjum fyrir 1. janúar 1986, að beiðni þessara aðildarríkja, renni út 30. júní 1990, í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., og fella má umrædda stofna undir áður nefndar opinberar ráðstafanir sem skipulagðar eru innan bandalagsins.“
10. Við 16. gr. bætist eftirfarandi:
- „5. Að því er Grikkland varðar og þá stofna sem hafa verið samþykktir fyrir 1. janúar 1986 í einu eða fleiri annarra aðildarríkja og sem aldrei hefur verið leyft að markaðssetja í Grikklandi fyrir þann tíma skal tímabilið sem kveðið er á um 2. mgr. renna út 31. desember 1988.“
11. Í stað 1. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Aðildarríkin skulu kveða á um að einungis megi markaðssetja frá iðnaðarsíkoríu hafi það verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ og uppfylli skilyrði II. viðauka.
- 1.a Aðildarríkin skulu kveða á um að einungis megi markaðssetja frá annarra matjurtategunda hafi það verið opinberlega vottfest sem „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ og uppfylli skilyrði II. viðauka.
12. Í stað 2. mgr. 26. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Þegar um er að ræða stofna sem eru vel þekktir 1. júlí 1970 má einnig nefna á merkimiðanum hvernig viðhalda eigi stofninum, sem hefur verið eða mun verða tilgreint í samræmi við ákvæði 37. gr. Bannað er að geta sérstakra eiginleika sem gætu staðið í sambandi við slíkt viðhald. Að því er Danmörku, Írland og Breska konungsríkið varðar skal „1. janúar 1973“ koma í stað

- dagsetningarinnar „1. júlí 1970“ hér að framan. Hvað Spán varðar skal „1. mars 1986“ koma í staðinn.
- Þessi tilvísun skal koma á eftir heiti stofnsins og vera greinilega aðgreind frá honum, helst með bandstriki. Hún skal ekki höfð meira áberandi en stofnheitið.
- Eftir dag sem á að ákvarða fyrir 1. júlí 1992, í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., má á merkimiðanum einungis vísa til viðhalds sem hefur verið viðurkennt fyrir dag sem þannig hefur verið ákvarðaður.“.
13. Í 26. gr. verður 3. mgr. 1. mgr. b og eftirfarandi bætist við:
- „Í öllum tilvikum nema þegar um er að ræða litlar pakka með stöðluðu fræi, sem eru að hámarksþyngd allt að 100 g nettó, skulu fyrirskipaðar eða leyfilegar upplýsingar samkvæmt þessu ákvæði vera vel aðgreindar frá öðrum upplýsingum á merkimiðanum eða umbúðunum, þar með taldar upplýsingarnar sem kveðið er á um í 28. gr.
- Eftir 30. júní 1992 má ákvarða, í samræmi við málsmeðferðina í 40. gr., að litlar pakkar með stöðluðu fræi, sem eru að hámarksþyngd allt að 100 g nettó, skuli falla undir þessa kröfu eða að gerður verði greinarmunur á fyrirskipuðum eða leyfilegum upplýsingum og öðrum upplýsingum ef þessi greinilegi munur er gefin sérstaklega til kynna sem slíkur á merkimiðanum eða umbúðunum.“;
14. 28. gr. verður 1. mgr. 28. gr.;
15. Við 28. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:
- „2. Þegar um er að ræða stofnfræ og vottað fræ skal merkimiðinn eða prentunin sem um getur í 1. tölul. þannig úr garði gerð að ekki sé hægt að rugla henni saman við opinbera merkimiðann sem um getur í 1. mgr. 26. gr.“;
16. Við 29. gr. a bætist eftirfarandi:
- „29. gr. a
- Til að finna betri lausnir á tilteknum þáttum vottunarkerfisins, sem samþykkt er samkvæmt þessari tilskipun, mætti skipuleggja tímabundnar tilraunir samkvæmt sérstökum skilyrðum innan bandalagsins í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 40. gr.
- Innan ramma slíkra tilrauna er hægt að leysa aðildarríki undan tilteknum kvöðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun. Umfang þessarar lausnar skal skilgreint með tilvísun til ákvæðanna sem gilda um hana. Tilraun skal ekki standa yfir lengur en í sjö ár.“
17. Í stað fimmta og sjötta undirliðar í c-lið 3. mgr. 30. gr. komi eftirfarandi:
- „— tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með
- vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns eða með almenna heitinu eða báðum,
- stofn tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri,“.
18. Í stað 31. gr. komi eftirfarandi:
- „31. gr.
1. Aðildarríkin skulu kveða á um að matjurtafræ
- sem sáð hefur verið til með stofnfræi eða vottuðu fræi sem er opinberlega vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt d-lið 1. mgr. 32. gr., eða sem hefur verið sáð til með víxlun stofnfræs sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnfræs sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og
- sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki, skuli, samkvæmt beiðni og með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar tilskipunar, vera opinberlega vottfest sem vottað fræ í hvaða aðildarríki sem er hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði I. viðauka fyrir viðkomandi flokk, og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði í II. viðauka um sama flokk eru uppfyllt.
- Þegar fræinu hefur verið sáð til með opinberlega vottuðu fræi af ættlið á undan stofnfræi mega aðildarríkin einnig heimila opinbera vottfestingu sem stofnfræ ef skilyrðin sem mælt er fyrir um þann flokk eru uppfyllt.“.
2. Matjurtafræi sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki og er ætlað til vottfestingar í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 1. tölul. skal:
- pakkað og það merkt með opinberum merkimiða sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta V. viðauka í samræmi við ákvæðin í 1. mgr. 25. gr., og
- fylgja opinbert skjal sem uppfyllir skilyrðin sem mælt er fyrir um í C-hluta V. viðauka.
3. Aðildarríkin skulu einnig kveða á um að matjurtafræ
- sem sáð hefur verið til með stofnfræi eða vottuðu fræi sem er opinberlega vottfest annaðhvort í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðja landi og er viðurkennt sem jafngilt samkvæmt d-lið 1. mgr. 32. gr., eða sem hefur verið sáð til með víxlun stofnfræs sem er opinberlega vottfest í aðildarríki og stofnfræs sem er opinberlega vottfest í slíku þriðja landi, og
- sem hefur verið uppskorið í öðru aðildarríki, skuli, samkvæmt beiðni, vera opinberlega vottfest sem vottað fræ í einhverju þeirra aðildarríkja þar sem stofn-

- fræið var annaðhvort ræktað eða opinberlega vottfest, hafi fræið verið skoðað á akri í samræmi við skilyrði með ákvörðun samkvæmt a-lið 1. mgr. 32. gr. um jafngildi fyrir viðkomandi flokk og komið hafi fram við opinbera athugun að skilyrði II. viðauka um sama flokk eru uppfyllt. Önnur aðildarríki mega einnig heimila opinbera vottfestingu slíkra fræja.“;
19. Í 2. mgr. 37. gr. ensku útgáfunnar komi „to a given maintenance“ í stað „to methods for the maintenance“;
20. Í a-lið 42. gr. bætist við „Kínakál“ á eftir „blómkál“ og í stað „síkoría eða kaffifífill“ komi
- „Jólasalat, stórblaðasíkoría (ítölsk síkoría), iðnaðarsíkoría“;
21. Eftirfarandi bætist við á eftir A-hluta 4. mgr. I. viðauka:
- „**Aa Iðnaðarsíkoría**
- | | |
|---|---------|
| 1. Frá öðrum tegundum af sömu ætt eða undirtegundum | 1 000 m |
| 2. Frá öðrum stofni af iðnaðarsíkoríu: | |
| — fyrir stofnfræ | 600 m |
| — fyrir vottað fræ | 300 m“ |
22. Í a-lið 3. mgr. II. viðauka komi „*Beta vulgaris* (Cheltenham-rófur)“ í stað „*Beta vulgaris* (Cheltenham-rófustofn)“ og í stað „*Beta vulgaris* (allar tegundir)“ komi „*Beta vulgaris* (nema Cheltenham-rófur)“;
23. Í a-lið 3. mgr. II. viðauka bætist við á eftir „*Cichorium intybus*“, „(*partim*) (Jólasalat, stórblaðasíkoría (ítölsk síkoría))“ og eftirfarandi bætist inn á eftir „*Brassica oleracea* (aðrar tegundir)“ og „*Cichorium intybus* (*partim*) (Jólasalat, stórblaðasíkoría (ítölsk síkoría))“:
- | | | | |
|---|----|---|------|
| „ <i>Brassica pekinensis</i> | 97 | 1 | 75“ |
| og | | | |
| „ <i>Cichorium intybus</i> (<i>partim</i>) (iðnaðarsíkoría) | 97 | 1 | 80“; |
24. Í 2. mgr. III. viðauka bætist við á eftir „*Cichorium intybus*“, „(*partim*) (Jólasalat, stórblaðasíkoría (ítölsk síkoría))“ og eftirfarandi bætist inn á eftir „*Brassica oleracea*“ og „*Cichorium intybus* (*partim*) (Jólasalat, stórblaðasíkoría (ítölsk síkoría))“:
- „*Brassica pekinensis* 20“
og
„*Cichorium intybus* (*partim*) (iðnaðarsíkoría) 50“;
25. Við 5. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:
- „ , tilgreindur, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindalæðinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns eða með almenna heitinu eða báðum.“.
26. Við 6. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:
- „ , tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri.“.
27. Eftirfarandi bætist við á eftir 10. tölul. a-liðar A-hluta IV. viðauka:
- „10a. Fyrir stofna sem eru blendingar eða skyldleikaræktaðar línur:
- fyrir stofnfræ ef blendingur eða skyldleikaræktuð lína sem fræið telst til hefur verið opinberlega samþykkt samkvæmt þessari tilskipun:
- opinberlega samþykkt heiti þessa þáttar, með eða án tilvísunar til endanlegs stofns, ásamt, fyrir blendinga eða skyldleikaræktaðar línur sem eru eingöngu ætlaðar sem þættir í endanlegum stofni, orðinu „þáttur“,
- fyrir önnur stofnfræ:
- heiti þáttar sem stofnfræið telst til, sem má tilgreina með skráningarlykli, ásamt tilvísun til endanlegs afbrigðis, með eða án tilvísunar til hlutverks þess (kven- eða karlkyns) og ásamt orðinu „þáttur“,
- fyrir stofnfræ:
- heiti stofns sem fræið telst til ásamt orðinu „blendingur“.
28. Við 4. tölul. a-liðar B-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:
- „ , tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri.“.
29. Við 5. tölul. a-liðar B-hluta IV. viðauka bætist eftirfarandi:
- „ , tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri.“.
30. Eftirfarandi viðauki bætist við:

„V. VIDAUKI

8. gr.

Tilskilinn merkimiði og skjal þegar frá hafa ekki verið vottfest endanlega og eru uppskorin í öðru aðildarríki**A. Tilskildar upplýsingar á merkimiða**

- yfirvald sem ábyrgt er fyrir akurskoðun og aðildarríki eða skammstöfun á heiti þeirra,
- tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns, eða með almenna heitinu eða báðum,
- stofn, tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,
- uppgæfin nettó- eða brúttóþyngd,
- orðin „fræ, ekki vottfest endanlega“.

B. Litur merkimiða

Merkimiðinn á að vera grár að lit.

C. Tilskildar upplýsingar í skjali

- yfirvald sem gefur út skjalið,
- „tegund tilgreind, a. m. k. með latnesku lettri, með vísindaheitinu, stytta ef svo ber undir og án höfundarnafns,
- stofn, tilgreindur að minnsta kosti með latnesku lettri,
- flokkur,
- tilvísunarnúmer fræs sem notuð eru við sáningu akursins og heiti þess lands eða landa sem vottfestu þetta fræ,
- tilvísunarnúmer akurs eða vörueiningar,
- svæði sem notað er við ræktun vörueiningarinnar sem fjallað er um í skjalinu,
- uppskorið magn og fjöldi pakka,
- staðfesting á því að skilyrðin sem gilda um ræktun fræs hafi verið uppfyllt,
- niðurstöður á forgreiningu fræs, eftir því sem við á.“

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 86/155/EBE:

Í 7. gr. öðrum undirlið komi „31. desember 1988“ í stað „1. júlí 1987“.

9. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 86/320/EBE:

Í 2. gr. komi „31. desember 1988“ í stað „1. júlí 1987“.

10. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnisýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að:

- ákvæðum 11. mgr. 3. gr. og 9. mgr. 7. gr. frá og með 1. júlí 1982,
- ákvæðum 12. mgr. 3. gr. frá og með 1. janúar 1983,
- ákvæðum 5. og 6. mgr. 6. gr. og 6. og 10. mgr. 7. gr. frá og með 1. janúar 1986,
- ákvæðum 8. mgr., 17. mgr., 20. og 28. mgr. 2. gr. og 18., 31., og 37. mgr. 3. gr. og 10., 19., 23. og 25. mgr. 5. gr. að svo miklu leyti sem þessi ákvæði krefjast þess að grasaheiti tegundar sé tilgreint á merkimiða fræsins og einnig ákvæðum 8. mgr. 1. gr., 10. mgr. 2. gr., 20. mgr. 3. gr., 12. mgr. 5. gr. og 18. mgr. 7. gr., eigi síðar en 1. júlí 1992,
- öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar, eigi síðar en 1. júlí 1990.

Þeim ber að tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

11. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 13. júní 1988.

Fyrir hönd ráðsins,

I. KIECHLE

forseti.